

Ed.

959. Frumvarp til laga

um söngskóla þjóðkirkjunnar.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að stofna og starfrækja í Reykjavík skóla, er nefnist söngskóli þjóðkirkjunnar. Þar skal kenna nemendum guðfræðideildar háskólans, væntanlegum kirkjuorganistum svo og söngkennaraefnum orgelspil og söng, tónfræði, tónlistarsögu, söngstjórn o. fl., er að tónmenntun lýtur.

2. gr.

Fræðslumálastjórnin í samráði við biskup Íslands hefur á hendi yfirumsjón skólans og setur honum reglugerð. Allur kostnaður við skólann greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar hefur á hendi forstöðu skólans og annast kennslu, eftir því sem við verður komið, án sérstaks endurgjalds. Hann ræður í samráði við yfirstjórn skólans stundakennara eftir því, sem þörf krefur.

4. gr.

Námstími skal vera allt að fjórum árum, og starfar skólinn 6 mánuði árlega. Enn fremur er heimilt að halda í sambandi við skólann námskeið í söng og orgelleik fyrir kirkjuorganista, kirkjukóra og söngkennara.

5. gr.

Nánari ákvæði um kennslutilhögun, námstíma, inntökuskilyrði og próf skulu sett með reglugerð.